



FLÓRGÓÐINN

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Glæsileg morgun-
stund
- Sigur í Stóru upp-
lestrarkeppninni



MUNA

4. apríl
7. bekkur í skólábúðir á Laugar-
vatni
8. apríl
Páskaleyfi hefst
19. apríl
Vetrarfrí
21. apríl
Skipulagsdagur
24. apríl
Kennsla hefst eftir páskaleyfi
24. apríl
9. bekkur fer í ungmennabúðir
3. maí

Að vera stoltur af börnunum sínum

Kæru nemendur/foreldrar/forráðamenn

„Börnin okkar læra mest og trúlega mikilvægustu atriði lífsins af því að sjá, heyra og upplifa hvernig fyrirmyndir þeirra, pabbi og mamma, bera sig að. Það sem við segjum börnunum okkar, t.d. góðu ráðin sem við gefum þeim, skilja oft minna eftir hjá börnunum en sjálf útfærslan. Breytni okkar sjálfra skiptir mestu máli.“ (Lengi muna börnin...1995).

Að ala upp barn er án efa eitt mikilvægasta verkefni sem nokkur einstaklingur tekur sér fyrir hendur á lífsleiðinni. Öll viljum við örugglega að börnin okkar verði ábyrgir þjóðfélagsþegnar og þau lifi samkvæmt skráðum og óskráðum lögum og reglum samfélagsins. Barn sem hefur tamið sér góða siði er stolt foreldra sinna.

Þetta er ekkert ósvipað hugarfar og það sem maður sem stjórnandi grunnskóla hefur tamið sér. Væntumþykja og umhyggja fyrir því sem nemendur taka sér fyrir hendur, stolt þegar þeir sýna af sér góða siði, stolt þegar þeir skara fram úr, stolt þegar þeir koma fram fyrir hönd skólans með framúrskarandi hætti, stolt yfir því að hafa tekið þátt í uppfræðslu og í raun uppeldi nemenda. Stundir sem maður kemur aldrei til með gleyma, ekki ósvipað og að um manns eigin börn væri að ræða.

Stundin í Hafnarborg á dögnum þegar tvær ungar stúlkur, Ásta Margrét Eiríksdóttir og Sjöfn Ragnarsdóttir, komu fram fyrir hönd skólans og tóku þátt í Stóru Upplestrarkeppninni var ein slíkra stunda. Stórkostlegur flutningur þeirra á ljóðum og sögubrotum var með slíkum hætti að maður fékk gæsaþúð af stolti og sat skælbroandi í sæti sínu.

Frammistaða og hegðun nemenda á sameiginlegri morgunstund fáeinum dögum síðar var önnur slíkra stunda.

Þegar ég sit hér og rita þennan pistil, alveg svakalega stoltur, hugsa ég líka um hversu heppnir nemendur Áslandsskóla eru að hafa slíkan flokk framúrskarandi fræðara og hér eru í hópi kennara og annarra starfsmanna. Mikið svakalega er ég líka heppinn að fá að vera með í þessu liði.

Sendi mínar bestu páskakveðjur til nemenda, forráðamanna og starfsmanna skólans

**SÍÐASTI SKÓLADAGUR FYRIR PÁSKALEYFI ER FÖSTUDAGINN 7 APRÍL
FYRSTI SKÓLADAGUR AÐ LOKNU PÁSKALEYFI ER MÁNUDAGINN 24. APRÍL**

Ásta Margrét sigraði Stóru upplestrarkeppnina

Ásta Margrét Eiríksdóttir, nemandi í Dulheimum sigraði í Stóru upplestrarkeppninn sem haldin var í Hafnarborg á dögunum. Þetta er í fyrsta skipti sem Áslandsskóli sigrar þessa keppni en hún var nú haldin í 10. sinn.

Stóð hún sig einnig stórkostlega. Var hrein unun að fylgjast með þeim stöllum á sviðinu í Hafnarborg.

Sannarlega glæsilegir fulltrúar.

Stórkostleg sameiginleg morgunstund

Stórkostleg morgunstund var fyrir fullum sal nemenda og gesta í Áslandsskóla í morgun.

Morgunstundin hófst á því að glæsilegir fulltrúar Áslandsskóla í Stóru Upplestrarkeppninni, Ásta Margrét Eiríksdóttir og Sjöfn Ragnarsdóttir, kveiktu á kertunum fyrir fjórar hornstoðir skólans.

Ásta Margrét las síðan ljóð eftir Birgi Svan Símonarson og Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og "móðir" keppinnar afhenti Ástu Margrétu menningarpassa Hafnarfjarðar í viðurkenningarskyni.

Því næst afhentu nemendur í 1. bekk ágóða af tombólu menningardaga, rúmar 10.000.- til fulltrúa ABC hjálparstarfs og Leifur skólastjóri sömu aðilum 70.500.- krónur, ágóða af Café Ásland á menningardögum. Fjármunir þessir eru til að styrkja Heimili litlu ljósanna á Indlandi (www.abc.is).

Nemendur í 2. bekk léku því næst lagið Buxur, Vesti, Brók og Skór á blokkflautur.

Þá sýndu nemendur í söngleikjaval í unglिंगadeild Bugsy Malone með jafn frábærum hætti og þeir gerðu á árshátíð unglिंगadeildar á miðvikudagskveldið.

Blái fuglinn var síðan afhentur, ásamt verðlaunaskjali og farandbikar fyrir háttvísasta bekk skólans.

Það voru að þessu sinni Ljósheimar / 4.-HHS.

Kennarar í unglिंगadeild og stjórnendur skólans stigu síðan á stökk og sungu Áfram skólaföt. Lag: Áfram Latibær við nýjan texta Leifs skólastjóra - og ætlaði fagnaðarlátunum aldrei að linna.

Eftir að Hulda og Nils nemendur í Ljósheimum höfðu farið með skólaheitið leiddu kennarar skólasönginn við góðar undirtektir allra í salnum.

Í ÁSLANDSSKÓLA GÖNGUM VIÐ HÆGRA MEGIN



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

Fréttablað
Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri